

Árneshreppi 29. apríl 2014

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Efni: Umsögn vegna samgönguáætlunnar 2013-2016, 495. mál.

Sveitarstjórn Árneshrepps vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri vegna þeirrar samgönguáætlunnar sem nú liggur fyrir alþingi.

Í samgönguáætluninni sem samgönguráð skilaði til innanríkisráðherra er Veidileysuháls ekki á dagskrá þrátt fyrir að samgöngunefnd alþingis hafi lagt til veturinn 2012 að settar verði 170 millj. í Veidileysuháls á tímabilinu 2015-2016 og var það samþykkt á alþingi.

Sveitarstjórn leggur á það þunga áherslu að Veidileysuháls verði settur inn í samgönguáætlun 2013-2016 það er gríðarlega mikið hagsmunamál fyrir byggðina að staðið verði við fyrri ákvörðun alþingis. Að stjórnvöld sjái til þess að þeirri ákvörðun verði framfylgt.

Alþingi er tvisvar búlið að skilyrða fjármuni í Veidileysuháls, búlið var að áætla 59 millj. sem átti að vinna fyrir árin 2009-2010 en ekkert var gert í því að framfylgja þeirri ákvörðun, eins virðist eiga að gera í þetta sinn. Sveitarstjórn gerir þá kröfu að staðið verði við þær ákvarðanir sem alþingi hefur samþykkt. En það þarf að fylgja þessu auknið fjármagn svo hægt sé að fara í framkvæmdir yfir Veidileysuháls sem er 10-11 km.

Því hefur verið haldið fram að með því að taka Bjarnafjarðarháls inn í áætlun fyrir 2013-2016 sé verið að leysa þungatakmörkanir á veginum norður í Árneshrepp. En Veidileysuháls og vegurinn frá Djúpvík til Gjögs geta ekki tekið við þungaflutningum eins og staðan er í dag. Jafnframt vill sveitarstjórn benda á að sú ákvörðun að taka Bjarnafjarðarháls einan og sér breytir öngu hvað varðar vetrareinangrun Árneshrepps.

Að mati sveitarstjórnar ætti að vera forgangsrækt að leysa vetrareinangrun Árneshrepps. Til að ítreka hver þeir þróskuldar eru sem hamla vetrarsamgöngum, að komist íbúar Árneshrepps inn yfir Veidileysuháls þá eru þeim allir vegir færir að vetri til.

Það er enganveginn hægt að halda því fram með neinum rökum að lagðir hafi verið miklir fjármunir til nýframkvæmda fyrir norðan hreppamörk Árneshrepps og Kaldrananeshrepps síðustu 5-6 áratuginna allar þær litlu framkvæmdir sem þar hafa verið gerðar hafa verið teknar af viðhaldsfé og hafa miðast við að halda veginum í því horfi sem hann var fyrir (fyrir utan tvo kafla í Byrgisvík - 5 km. 1991, Kjós - 1 km. 1984). Og má geta þess að á leiðinni úr Veidileysu-Kleif og út á Gjögur sem er um 30 kílómetrar eru mörk ræsi síðan 1965 og töluvert löng leið sem engin vegrás er. Sveitarstjórn hefur margfalt bent á hversu bágborið ástand vegarins er og það ætti öllum að vera löngu orðið ljóst, að vegur sem lagður var fyrir 50 árum og lítið viðhald hefur fengið, er bara barn sína tíma.

Árneshreppur sækir sína nærþjónustu til Hólmavíkur.

Þar er læknirinn, presturinn, sýslumaðurinn og félagsmálastjórnin. Einnig eru Sorpsamlagið og Kaupfélag Steingrímsfjarðar staðsett á Hólmavík þó lítil verslun sé á Norðurfirði. Allar þessa þjónustu er ekki hægt að sækja yfir vetrarmánuðina (þ.e.a.s. þegar vegurinn er lokaður). Samvinna milli sveitarfélags hefur verið að aukast á svæðinu t.d. í félagsþjónustu og sorpmálum.

Undirstæða byggðar í Árneshreppi er sauðfjörðsbúskapur og er búlið á 10 bæjum með sauðfjörðsbúskap. Allar þungavörur þurfa bændur að kaupa að hausti til. Þar má nefna byggingavörur, oilur, fóður og áburð sem bændur fá oft en ekki fyrir en í júní þegar vegur er orðinn fær fyrir þungaflutninga. Verslunin á Norðurfirði verður að byrgja sig með bensín og gasolíu, sem þarf að duga fram í júní og svona mætti lengi telja.

Gríðarlega mikil uppbygging hefur orðið í ferðaþjónustu í Árneshreppi undanfarið og hefur fjöldi ferðamanna margfaldast á síðustu árum. Má þar nefna að siglt er með ferðafólki frá Norðurfirði og norður á Hornstrandir og hefur orðið mikil uppbygging á þjónustu í kringum það. Einnig er starfrækt heilsársíðan í Djúpvík og hefur orðið mikil uppbygging þar. Eins hefur orðið mikil uppbygging í Norðurfirði á þessu sviði. Þar má nefna að búlið er að gera upp gamla frystihúsið og útbúa gistingu, búlið er að gera upp útihúsið og útbúa gistingu og veitingasal í Norðurfirði 1. Reisa 2 smáhýsi og hugmyndin að reisa fleiri. Til að hægt sé að lengja ferðamannatímann í báða enda og að ferðaþjónustan geti haldið áfram að þróast í sveitarfélaginu, sem styrkir og eflir þá búsetu sem er fyrir, þarf bætt vegasamband.

Mikil ásókn hefur verið að gera út frá Norðurfjarðarhöfn vegna nálægðar við gjöful fiskimið og getur höfnin ekki tekið við öllum þeim bátum sem vilja landa þar. Til stóð að fara í framkvæmdir á þessu

ári og átti að stækka aðstöðu fyrir smábáta og var búið að áætla fjármagn í það verkefni en því var frestað um eitt ár í samráði við vegagerðina þar sem fjármagn til þessa málaflökks var skert á árinu 2014. Þessi útgerð hefur takmarkast við þann tíma sem hægt hefur verið að koma afurðum á markað eftir veginum. Til dæmis er maí mánuður nánast úr sögunni hvað strandveiðar varðar. Grásleppuútgerð hefur verið þó nokkur undan farin ár. En eftir að skylt var að koma með alla grásleppu að landi þá þarf að flytja hana inn að Dranganesi til frýstingar vegna þess að í Arneshreppi er ekki 3ja fasa rafmagn. Einnig hefur verið erfiðleikum háð með aðföng s.s. salt og tunnur og eins að koma verkuðum hrognum á markað.

Ein af undirstöðum hvers byggðarlaga er öflugur grunnskóli. Til að svo fámennur grunnskóli eins og hér er blómstri, þarf að eiga sér stað meiri samvinna en hingað til hefur verið hægt. Til að tryggja félagslega þáttinn í skólastarfinu er þar lítið til skólanna á Dranganesi og Hólmavík og er þetta töluvert gert fram að áramótum, en ekki gerlegt eftir áramót.

Það er alls ekki hægt að sætta sig við það ástand sem búið er að vera til tuga ára að sveitarfélagið búi við svokallaða G-reglu sem segir að það sé engin þjónusta frá áramótum til 20. mars. Það er algjörlega óþoliandi staða fyrir íbúa sveitarfélagsins. Sveitarstjórn hefur margfalt farið fram á það við vegagerðina að leiðin úr Bjarnarfirði til Gjögurs verði færð upp í F-reglu sem segir þjónusta 2 daga í viku. Svör forsvarsmanna vegagerðarinnar hafa verið að vegurinn sé ekki þjónustufær.

Flugfélagið Emir er með farþega og fraktflug frá Reykjavík til Gjögurs. Flogið er tvisvar í viku október-júni en yfir sumarmánuðina einu sinni í viku. Að vetri til er fluginu sinnt með 9 sæta vél, en að sumri til er fluginu sinnt með litilli einshreyfla vél, sem ekki hefur blindflugaréttindi og með einum flugmanni. Svona hefur það verið síðustu 4 ár og er þetta með vitund ráðherra og vegagerðarinnar. Sveitarstjórn telur og veit að þetta er brot á öllum reglum, því það er skylt að vera með tvo flugmenn og tveggja hreyfla flugvélar í farþegaflugi sem geta flogið blindflug. Flugfélagið rökstyður þetta með því að flugbrautin á Gjögri sé malarvöllur og það skemmi flugvélar. Vissulega er þetta malarvöllur og vægast sagt lítið viðhald fengið en það á ekki að láta það bitna á þjónustu við sveitarfélagið með því að skerða öryggi flugfarþega. Til stóð að malbika flugbrautina á þessu sumri en engin fjárveiting er fyrir þetta ár en 61 millj. árið 2015.

Sveitarstjórn hefur alltaf talið um heilsarsveg og sett það sem forgangsverkefni að vegur yfir Veidileysuháls verði byggður upp fyrst og svo leiðin frá Djúpvík til Gjögurs. Sé kafli er ekki inni í langtímaáætluninni 2011-2022. Það verður gerð krafa af hálfu sveitarstjórnar að sá kafli komi inn í langtíma áætlun fyrir 2015-2028 sem verður tekin fyrir á alþingi í haust.

Til að Arneshreppur geti haldið í byggð þá þarf að hefjast handa við að leysa vetrarreinangrun sveitarfélagsins. Það er ekki verið að biðja um neitt meira en aðrir hafa.

Svo að ungt fólk sé tilbúið að flytjast í sína heimabyggð eftir að það er búið að mennta sig gerir það kröfu um öruggar og greiðar samgöngur.

Það er ekki hægt að bjóða ungu fólki uppá það að stiga áratugi aftur tímann, því þegar það vill flytja aftur í sína heimabyggð er allt við það sama hvað varðar samgöngur og þjónustu og þegar það fór að heiman til náms.

Sveitarstjórn hefur í þessu erindi sínu bent á það hverju samgöngur til Arneshrepps eru illa í stakk búnar til að sinna því hlutverki sem þær eiga að gera, og er það von sveitarstjórnar að samgöngunefnd taki þetta erindi til efnislegra meðferðar.

1. Forgangsverkefni á Strandavegi. Veidileysuháls inn í samgönguáætlun 2013-2016. Fyrsta skrefið í því að rjúfa vetrarreinangrun Arneshrepps.

2. Tryggja flugsamgöngur við sveitarfélagið og gera þær úrbætur á flugbrautinni sem þarf svo flug komi ekki niður á flugöryggi farþega.

Virðingarfyllst

Oddviti Arneshrepps
Oddný S. Þorðardóttir

Oddný S. Þorðardóttir, oddviti, Arneshreppi